

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni:

Umsögn Fjölmeningarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir 2019 – 2025.

Reykjavík, 24. maí 2019
R19050207

Fjölmeningarráð fagnar vinnu stýrihóps um nýja stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir. Ljóst er að staða þessa hóps var ítarlega skoðuð og að tillögur að aðgerðum voru miðaðir út frá þörfum þeirra einstaklinga sem tilheyra honum.

Innflytjendur í Reykjavík eru orðnir 16,6% borgarbúa. Hópurinn er mjög fjölbreyttur og mjög viðkvæmur, en einnig oft í hættu á að verða fyrir félagslegri einangrun. Í mörgum tilvikum er mjög stutt í að eitthvað fari úrskaiðis og þá er erfiðara fyrir einstaklinga af erlendum uppruna að ná aftur tókum á vandanum. Ástæða þess getur verið skortur á tengslaneti en einnig skortur á úrræðum fyrir þennan hóp, sérstaklega fyrir þá sem hafa ekki náð tókum á íslensku eða ensku.

Í drögnum er fjallað stuttlega um heimilislausu af erlendum uppruna en samkvæmt kortlagningu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar töldust um 12% heimilislausra í Reykjavík tilheyra hópi einstaklinga af erlendum uppruna árið 2017. Í viðauka IV í kafla um önnur úrræði undir lið 2 er svo stuttlega fjallað um Barkasamtökin frá Póllandi sem Reykjavíkurborg gerði samstarfsamning við í nóvember 2016.

Ekki var hins vegar lögð sérstök áhersla á þjónustu við hóp erlendra íbúa í stefnunni né í aðgerðum samkvæmt henni.

Fjölmeningarráðið telur ljóst að aðlaga þarf þau úrræði sem í boði eru eftir notendahópum og bjóða þeim viðeigandi aðstoð. Uppruni getur verið mikilvæg breyta sem þarf að taka tillit til við þjónustuveitingu fyrir þennan hóp. Þá þarf einnig að leggja áherslu á forvarnir og vinna með markvissum hætti gegn félagslega einangrun þessa hóps.

Virðingarfyllst

formaður fjölmeningarráðs

Sabine Leskopf